



Fundargerð

201. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 10. febrúar 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Drög að ársreikningi 2015
2. Innkomin erindi og fundargerðir
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:07

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Drög að ársreikningi 2015

Magnús Jónsson og Guðlaugur Erlingsson frá KPMG sátu fundinn undir þessum dagskrárlið. Magnús fór yfir framlögð drög að ársreikningi 2015 og skýrði. Framkvæmdastjóri fór yfir sundurliðað starfsþátta yfirlit. Framkvæmdastjóri og endurskoðendur svöruðu fyrirspurnum.

Stefnt á að afgreiða ársreikning 2015 á næsta fundi.

Magnús og Guðlaugur viku af fundi kl 13:15.

Ákveðið að halda aðalfund fimmtudaginn 3. mars 2016 kl. 17:00.

2. Innkomin erindi og fundargerðir

- a) Bókun bæjarstjórnar frá 03.02.2016. Þar sem bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að máli HEF og Fljótsdalshéraðs gegn Lánasjóði sveitarfélaga verði áfrýjað til Hæstaréttar. Lögmaður er að vinna að greinargerð fyrir málflutning í Hæstarétti.
- b) Aðalfundarboð Samorku 19. feb. 2016. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fara með atkvæði HEF.

- c) Umsögn Samorku um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 9/2009, stjórn HEF ehf. samþykkir framlagða umsögn.
- d) Sýnishorn af álagningu á vatns- og fráveitugjald hjá Veitum (Orkuveitu Reykjavíkur). Lagt fram til kynningar og umhugsunar um svokallað fermetragjald vatns- og fráveitna.
- e) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004 (skilgreining og álagning vatnsgjalds). Lagt fram til kynningar.
- f) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009 (gjaldtökuheimildir, réttindi og skyldur fráveitna). Lagt fram til kynningar.
- g) Norræna vatnsveitu ráðstefnan 28. til 30. sept 2016 haldin í Reykjavík. Lagt fram til kynningar.
- h) Tækjasýningin IFAT 2016 haldin í Berlín dagana 30. maí til 3. júní nk. Framkvæmdastjóri mun fara á þessa sýningu.
- i) 220. stjórnarfundur Samorku fimmtudaginn 4. febrúar 2016 kl. 11:00 í Borgartúni 35. Lagt fram til kynningar.
- j) Drög að samningi við N4 vegna þáttagerðar á Austurlandi 2016. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við N4 að upphæð kr 250.000,-. Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

- a) Lögð fram á fundinum skýrslan “Hreinsun frá rennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ”, forhönnun og kostnaðarmat dagsett í febrúar 2016. Unnin af verkfræðistofunni Eflu.
- b) Næsti fundur 24. febrúar 2016

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:25.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.